

Umsögn menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs

um TUFF - verkefnið

Reykjavík, 10. desember 2018

Menningar, íþróttá og tómstundaráð (MÍT) hefur verið beðið um umsögn um TUFF - verkefnið. Leitað eftir upplýsingum hjá hjá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara um sundurliðun á áætluðum kostnaði við verkefnið. Miðað við upplýsingarnar sem fengust felst kostnaðurinn við verkefnið fyrst og fremst í greiðslu fyrir verkefnastjórnun/ráðgjöf til þriðju aðila. Ráðsfólki barst einnig skýrsla um framgang verkefnisins á þessu ári sem var ítarleg, vel unnin og gaf góða mynd af því starfi sem unnin hafði verið, en innihélt þó ekki upplýsingar um fjárhagslegt uppgjör.

Í ljósi þeirra almennt jákvæðu umsagna sem verkefnið virðist fá innan borgarkerfis sem utan telur MÍT rétt að borgarráð hefji viðræður um framhald verkefnisins og jafnvel mögulega útvíkkun þess. Hins vegar leggur MÍT ríka áherslu á eftirfarandi atriði:

I Skýr ábyrgð. Í ljósi þess að erfiðlega hefur gengið að fá fram allar upplýsingar sem liggja eiga fyrir um verkefnið er nauðsynlegt að ábyrgð á eftirfylgni með verkefninu liggja á einum, skýrum stað innan borgarkerfisins, þ.e.a.s. að einn aðili/svið hafi yfirsýn yfir verkefnið, geri samning við félagasamtökin, sjái um greiðslur, sjái til að lokaskýrsla berist og hafi innsýn í fjárhag þess. MÍT telur rétt að íþróttá- og tómstundasvið sé tengiliður borgarinnar við verkefnið. Að sama skapi þarf að vera ljóst hver sé ábyrgaraðili verkefnisins TUFF-megin.

II Kostnaður. Verkefnið er hugsað til tólf mánaða sagt kosta 8,4 milljónir sem er meira en tvöfalt dýrara en dýrasta verkefnið sem samþykkt hefur verið að styrkja af styrkjarpotti ÍTR á næsta ári. Miðað við upplýsingar kostaði verkefnið 5 milljónir í fyrra. Miðað við skýringar sem gefnar hafa verið er stærsti hluti kostnaðarins 7,6 milljónir í laun og launatengd gjöld aðila á vegum TUFF vegna 75% verkefnastjórnunarstarfs. Nauðsynlegt er að kanna hvort verkefnið sé framkvæmanlegt án fjármögnunar annarra kostnaðarliða, eins og t.d. túlkun, þýðingar, fundahald, og fl.

III Verk- og tímaáætlun. MÍT hefur ekki fengið verk- og tímaáætlun en leggur áherslu á að slík áætlun þurfi að liggja fyrir, til að borgarráð geti tekið upplýsta ákvörðun og hugsanlega ákveðið að forgangsraða innan verkefnisins, til dæmis með því að styrkja verkefnið um hluta þeirrar upphæðar sem beðið er um. Án þessara upplýsinga er heldur ekki hægt að leggja mat á hvort sú mjög svo grófa kostnaðaráætlun sem ráðið hefur fengið í hendur sé raunsæ.

IV Samningur og eftirfylgni. Eigi verkefnið að hljóta styrk þarf að gera samning og fylgja reglum borgarinnar um slíka styrki. Þar með talið varðandi skiptingu greiðslna og að gerð verði krafa um lokaskýrslu vegna ráðstöfun styrkfjár.

V Sjálfbærni. MÍT lítur svo á að um tilraunaverkefni sé að ræða sem þarf stöðugt að meta árangur af. Vætanleg styrkveiting felur því ekki í sér fyrirheit um föst fjárframlög á næstu árum. Æskilegt er að rýna til framtíðar hvernig sjá má fyrir sér samstarf borgarinnar, íþróttafélaga og sjálfbæðaliða þegar kemur að því að auka þátttöku barna, sérstaklega af erlendum uppruna, í skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi.

Að lokum: Verkefnið er metnaðarfullt og jákvætt og markmið þess falla vel að áherslum borgarinnar og stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd, sbr. eftirfarandi tilvitnun:

*“III.16. Reykjavíkurborg hvetji sérstaklega til þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í íþróttá- og tómstundastarfi, bæði á vegum borgarinnar svo og á vegum frjálsra félagasamtaka sem njóta styrkja frá borginni. Nýjar aðferðir verði fundnar við að kynna frístundakortið fyrir innflytjendum, t.d. í gegnum skólana. Tímasetning: 2018 Samstarfsaðilar: Skóla- og frístundasvið
Ábyrgð: Íþróttá- og tómstundasvið”*

Þær athugasemdir sem hér birtast, sérstaklega í liðum **I-IV**, snúa í raun flestar af því að svo virðist sem hefðbundnum verkferlum varðandi umsóknir í borgarsjóð sé ekki fylgt í þessu tilfelli heldur virðist sem um sé að ræða beiðni um fjárstuðning sem fari framhjá því ferli. Þótt góðar ástæður kunni að liggja að baki því verklagi fyrir því þarf engu að síður að fylgja eftir sömu meginreglum um þegar um er að ræða aðra styrki á vegum borgarinnar.